

Orkustofnun
Sylvia Raket Guðjónsdóttir
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 27. mars 2023
UST202303-248/B.S.
10.05.01

Efni: Umsókn um efnistöku utan netlaga við Akraneshöfn. Umsögn

Vísað er til erindis Orkustofnunar dags. 21. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um fyrirhugaðar framkvæmdir við Akraneshöfn.

Mjög ítarlega var fjallað um þessar framkvæmdir við könnun á matsskyldu framkvæmdanna árið 2018. Í álitum Skipulagsstofnunar dags. 26. september 2018 segir m.a.: „*Fyrirhugaðar framkvæmdir eru ekki miklar að umfangi. Framkvæmdir við Akraneshöfn fara alfarið fram á svæði sem áður hefur verið raskað vegna framkvæmda.*“

Umhverfisstofnun hefur veitt leyfi til að efni verði varpað í hafið í tengslum við umræddar framkvæmdir.

Með hliðsjón af ofangreindum atriðum gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við útgáfu leyfis til efnistöku vegna framkvæmda við Akraneshöfn.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir,
sérfræðingur